



Orkustofnun gjörir kunnugt:

að samkvæmt 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003, er hér með

Íslenska gámafélaginu ehf.

veitt leyfi til að stunda raforkuviðskipti

Leyfi þetta er veitt á grundvelli þeirra gagna er fylgdu leyfisumsókninni

Orkustofnun, 9. júní 2017

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Guðni A. Jóhannesson', written over a horizontal line.

Guðni A. Jóhannesson

Íslenska gámafélagið ehf
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Reykjavík, 9.6.2017
Tilvísun: OS2017050044/50.30.1
Verknúmer: 4123500

Efni: Fylgibréf – Leyfi til að stunda raforkuviðskipti sbr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003

Vísað er til umsóknar Íslenska gámafélagsins ehf. (kt. 470596-2289) frá 27. Maí sl. um leyfi til að stunda raforkuviðskipti skv. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003.


Í 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 kemur fram að leyfi Orkustofnunar þurfi til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi handa leyfishafa og verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Þá kemur fram í ákvæðinu að umsækjandi skuli sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Í 29. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga eru skilyrði leyfis útfærð nánar en þar kemur fram að sölufyrirtæki skuli hafa eigið fé sem nemur að lágmarki kr. 15.000.000. Að auki kemur fram að sölufyrirtæki skuli gera áætlun til 36 mánaða í senn um umfang orkusölu og hvernig það muni útvega raforku til þess að standa við orkusölusamninga.

Í fylgigögnum með umsókn Íslenska gámafélagsins ehf. hefur verið sýnt fram á að fyrirtækið uppfyllir öll skilyrði 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og 29. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga. Með vísan til framangreinds er Íslenska gámafélaginu ehf. hér með veitt leyfi til þess að stunda raforkuviðskipti með vísan til 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Fyrir útgáfu leyfisins ber Íslenska gámafélaginu ehf. að greiða kr. 50.000 sbr. 3. tölul. 1. mgr. 33. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Er þess óskað að tilgreind fjárhæð verði lögð inn á reikning Orkustofnunar nr. 0130-15-391567, kt. 500269-5379.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Rakei Jensdóttir



Sigurður H. Magnússon